

greind ummæli í sóknarskjali áfryjanda fyrir yfir-
dómi eiga að vera dauð og ómerk. Málskostnaður
fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 5. nóvembermánaðar.

Nr. 34/1906:

Sveinn Jónsson

gegn

Birni Símonarsyni og

Kristjáni B. Guðmundssyni.

D ó m u r :

Hinn 1. maí þ. á. gjörðu aðilar máls þessa kaup-
samning um jörðina Vatnsenda í Seltjarnarnesshreppi
og búþening nokkurn, sem átti að fylgja jörðinni í
kaupinu. Var áfryjandinn Sveinn Jónsson seljandi, en
hinir stefndu Björn Símonarson og Kristján B. Guð-
mundsson kaupendur í félagi. Skadabætur voru lagðar
við, 3000 kr. á hvora hlið, ef samningur væri rofinn.
En hinn 24. maímán. s. á. lýstu kaupendurnir því yfir
með skriflegu skjali, að með því að seljandinn Sveinn
Jónsson hefði rofið samninginn, þá segðu þeir sig að
öllu leyti leysta frá skyldum sínum eftir honum, og
segjast þeir þar með endurnýja yfirlýsingu í þessa
átt, er þeir hafi þegar gjört 14. s. m. Hinir stefndu,
kaupendurnir, höfðu og þegar 22. s. m. höfðu að mál

gegn áfrýjanda út af sammingsrofunum, og kom það mál fyrir rétt í Kjósar- og Gullbringusýslu 2. júní þ. á. Á hinn bóginn höfðaði áfrýjandi Sveinn Jónsson mál út af rofi á sama kaupsamningnum gegn hinum stefndu fyrir gestarétti Reykjavíkur með stefnu útgefni, 31. maí þ. á., og kom þetta mál fyrir rétt 1. júní næst á eftir. Þegar fyrgreint mál kom fyrir gestarétt Kjósar- og Gullbringusýslu 2. júní þ. á. krafðist áfrýjandi þess, að málinu væri vísað frá téðum rétti með því að mál út af sammingsrofunum væri þá af hans hálfu höfðað fyrir gestarétti Reykjavíkur, en frávísunarkröfu þessari var hrundið með úrskurði réttarins. En í málinu fyrir gestarétti Reykjavíkur kröfðust hinir stefndu þess, að því væri frávísað téðum rétti fyrir þá skuld, að mál út af rofi á sama samningnum væri þá fyrir gestarétti Kjósar- og Gullbringusýslu. Dómstóllinn tók þessa kröfu til greina og var málinu vísað frá rétti með gestaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 27. júní þ. á., en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Sveinn Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefni 3. júlí þ. á., og krafist þess, að gestaréttardóminum verði hrundið og málinu vísað heim til löglegrar dómsáleggingar um aðalefni þess og að áfrýjanda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá hinum stefndu. Hinir stefndu, Björn Símonarson og Kristján B. Guðmundsson, hafa af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkrafa hinna stefndu, sem tekin var til greina í hinum áfrýjaða dómi, var byggð á því, að mál

Þetta, er hér er áfrýjað, og hitt málið, er stefndu höfðuðu gegn áfrýjandanum í Kjósar- og Gullbringusýslu og fyrir er getið, væru bæði um sama efni og hefði því eigi mátt heyja þau samtímis í tveim lögsagnarumdæmum. En þetta er eigi rétt. Þó að málin væru bæði höfðuð út af rofi á hinum sama kaupsamningi, þá var alveg gagustæðum kröfum haldið fram í málunum og reynt að fá aðstoð dómstólanna til að fá þeim framgengt, og var eigi annað sameiginlegt með málunum en það, að þau voru bæði sprottin af sömu rót, kaupsamningnum, sem hvor málshefjandinn um sig taldi rofinn gagnvart sér af meðsemjanda sínum. Málin voru því alls eigi um sama efni, og stefndu áttu hvorki af þeim sökum, að svo væri, né öðrum rétt á að heimta það af áfrýjanda, að hann tengdi málssókn sína gegn þeim með gagnsóknarmáli við mál það, er þeir höfðu orðið fyrri til að stefna honum til — úr því að hann kaus heldur að höfða sjálfstætt mál gegn þeim við heimilis-varnarþing þeirra, til að fá þar fram komið kröfum sínum gegn þeim.

Það var því eigi rétt, er undirdómarinn frávísaði máli þessu og verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og heimvísa málinu til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Hinum stefnda ber eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal úr gildi feldur og heimvísast málinu til nýrrar og löglegri meðferðar

og dómsáleggingar. Hinir stefndu Björn Simonarson og Kristján B. Guðmundsson greiði áfryjanda Sveini Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 12. nóvembermán.

Nr. 32/1906:

Kristján Þorgrímsson
gegn
Péttri Fjeldsted.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af málara Péttri Fjeldsted gegn Kristjáni Þorgrímssyni út af skuld að upphæð 16 kr. 50 a., er hann taldi sig eiga hjá Kristjáni Þorgrímssyni. Var málið dæmt í bæjarþinginu 31. maí þ. á. með þeim úrslitum, að Kristján Þorgrímsson skyldi greiða Péttri Fjeldsted hina umstefndu upphæð 16 kr. 50 a. með 5⁰/₁₀ vöxtum frá 9. jan. þ. á. til þess greitt yrði svo og málskostnað með 10 kr.

Þessum dómi hefir Kristján Þorgrímsson áfryjað til landsyfirdómsins með stefnu 21. júní þ. á. og þar krafist, að þær 16 kr. 50 a., sem hann var dæmdur í við undirréttinn, verði færðar niður um 4 kr. 70 a. og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins; en til vara hefir hann